

## Samráðsfundur vegna smölunar afrétta.

Miðjuni, Hellu kl 10:00-11:15 fimmtudaginn 2 ágúst 2018

Mættir: Steinn Másson Rangárvallaafreittur, Rúnar Ólafsson Fljótshlíðarafréttur, Einar G. Magnússon Hvolhreppsafreittur, Ísleifur Jónasson Holtamannaafreittur og Kristinn Guðnason Landmannaafreittur. Einnig sat fundinn Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri sem tók niður minnispunkta.

Ljóst er að mjög hefur farið vaxandi að fé fari milli afrétta sem þýðir ákveðinn tvíverknað við smölun. Mikilvægt er því að ná sem bestri samræmingu og er það tilgangur fundarsins að fá yfirlit um þessi mál og leggja fram tillögur til úrbóta.

Göngur og réttir eru á þessum dögum árið 2018:

Holtamannaafreittur: 1 leit er 5-9 september, eftirleit endar á síðasta sunnudegi í lok september en fer þó eftir veðri.

Landmannaafreittur: 1 leit er föstudagur 14 september og réttað fimmtudag 20 september. Eftirleit er aðra helgi í október, nú er það 13-14 október.

Rangárvallaafreittur: 1 leit er 8 september og réttað 15, eftirleit miðast við að þriðja laugardag í september, seinni leit í ár er 20-24 september.

Hvolhreppsafreittur (Emstrur): 1 leit er 8 september, seinni leit verður laugardaginn 15 september.

Fljótshlíðarafréttur: 1 leit er föstudaginn 7 september með réttum á mánudegi 10 september. Krókur er smalaður 14-15 og réttað á sunnudegi 16. Seinni leit er ½ mánuði seinna, núna er það 21-23 september. Seinni leit í Krók er síðan viku síðar, núna er það 29 október.

### Tillögur til úrbóta

1. Stærsti vandinn liggur í smölun á svæðinu við Súlu við smölun hjá Rangárvellingum og Hvolhreppingum. Í dag er ekki samræmt hvenær smalað er á þessu svæði og því verður tvíverknaður. Menn eru sammála um að lausnin myndi felast í því að Hvolhreppingar myndu smala við Súlu og reka í veg fyrir Rangvellinga daginn sem safnið er rekið úr Hvangili og niður á Hungurfit. Súla yrðir þá smöluð þann 13 september í ár.
2. Stefnt verður á að Rangvellingar fari í eftirleit viku seinna frá og með hausti 2019 til að ná samræmingu við aðra. Í ár verður stefnt á að Rangvellingar fari í þriðju leit á sama tíma og Landmenn eru annarri leit þannig að smalar hittist í Reykjadölum 13 október.
3. Fljótshlíðingar stefna á að smala Austurdal með Rangvellingum föstudaginn 14 september. Fé hefur heldur fjölgað þar síðustu ár og mikilvægt að samræma þetta.

Stefnt er að því að hittast á ný í desember og fara yfir hvernig til hefur tekist. ÁS falið að undirbúa slíkan fund. Ákveðið að minnispunktar þessir verði sendir á fjallskilaneftirnar sem áætla að funda á næstunni.

Steinn Másson  
Ísleifur Jónasson  
Rúnar Ólafsson  
Kristinn Guðnason

Einar G. Magnússon